



ÁRSSKÝRSLA 2020



MÍMIR
Vertu meira!

Ársskýrsla 2020
Ábyrgðarmaður: Sólveig Hildur Björnsdóttir
Ritstjóri: Anneý Þórunn Þorvaldsdóttir
Umbrot og uppsetning: Jónas Unnarsson
Ljósmyndir: Þorkell Þorkelsson

ÁRSSKÝRSLA 2020

EFNISYFIRLIT

UM MÍMI	4
FRÁ FORMANNI STJÓRNAR.....	6
SVIPMYNDIR ÚR STARFI MÍMIS.....	7
PISTILL FRAMKVÆMDASTJÓRA	8
MANNAUÐUR	10
FRÆÐSLA.....	12
RÁÐGJÖF OG STÖÐUMAT	20
ÞRÓUNAR- OG SAMSTARFSVERKEFNI	22
GÆÐAMÁL.....	24
KYNNINGAR- OG MARKAÐSMÁL.....	24
ALMENNUR REKSTUR	26




UM MÍMI


Mímir-símenntun er fræðslufyrirtæki sem starfar á sviði framhaldsfræðslu og starfsmenntunar. Meginmarkmið Mímis-símenntunar er að skapa tækifæri til náms fyrir fólk með stutta formlega skólagöngu og hvetja fólk á vinnumarkaði til símenntunar og starfsþróunar. Annað meginmarkmið er að bjóða upp á fjölbreytta kennslu í íslensku sem öðru máli, sem og tungumálanámskeið. Skipulag námsins tekur mið af þörfum vinnandi fólks og atvinnulífsins hverju sinni.

Mímir-símenntun er einkahlutafélag í eigu Alþýðusambands Íslands og hóf starfsemi sína árið 2003. Mímir er með þjónustusamning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, starfar samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og hefur viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytisins til að annast framhaldsfræðslu. Einkahlutafélagið Mímir-símenntun er rekið til almannaheilla og því er ekki heimilt að greiða eigendum arð. Hagnaður af starfsemi félagsins er notaður til að efla mennta- og fræðslumál fullorðins fólks á íslenskum vinnumarkaði.

SKIPURIT MÍMIS



STEFNA MÍMIS



GILDI MÍMIS

FRAMSÆKNI

Mímir er framsækið fyrirtæki sem sífellt leitar tækifæra til framfara og nýjunga.

FAGMENNSKA

Fagmennska er leiðarljós í öllum samskiptum. Við veitum framúrskarandi þjónustu og störfum eftir verkferlum sem tryggja áreiðanleika og gagnsæi.

SAMVINNA

Við erum ein liðsheild. Samskipti einkennast af virðingu, trausti og umburðarlyndi. Metnaðarfullt samstarf við fyrirtæki og hagsmunaaðila skilar okkur lengra.

HÚSNÆÐI

Mímir-símenntun er með höfuðstöðvar sínar (samtals 1758,6 fermetrar) að Höfðabakka 9 í Reykjavík. Öldugata 23 hefur einnig verið kennsluhúsnæði til fjölda

ára og er húsnæðið í eigu mennta- og menningar-
málaráðuneytisins en Mímir annast rekstur og eðli-
legt viðhald húsnæðisins.



FRÁ FORMANNI STJÓRNAR

MÍMIR LEGGUR SITT LÓÐ Á VOGARSKÁLARNAR

Markmið Mímis er að skapa tækifæri til náms fyrir fólk með stutta formlega skólagöngu og hvetja fólk á vinnumarkaði til símenntunar og starfsþróunar. Fyrir tilstuðlan Mímis hafa þúsundir einstaklinga snúið aftur inn í skólakerfið í samstarfi við hið opinbera og aðila vinnumarkaðarins. Þá hefur Mímir lagt sitt lóð á vogarskálarnar við að efla íslenskukennslu innflytjenda.

Mímir hefur ekki farið varhluta af þeirri óvissu sem Covid-19 hefur valdið og hefur skólahald breyst í takti við þær sóttvarnareglur sem yfirvöld hafa boðað hverju sinni. Mími hefur tekist að bregðast fljótt og vel við þörfum og aðstæðum í samfélaginu og tryggja nemendum mikilvæga samfellu í námi. Sú áhersla á tækni í starfsemi Mímis síðustu misserin hefur sannarlega komið sér vel þegar samkomutakmarkanir hafa sett mark sitt á skólastarfið og treysta hefur þurft á stafrænar leiðir við kennslu, ráðgjöf og raunfærnimat. Starfsfólk, kennarar og nemendur hafa sýnt aðdánarvert frumkvæði og seiglu við að mæta nýjum kröfum um stafræn samskipti í krefjandi aðstæðum í skólastarfinu og samfélaginu.

Í hruninu og árunum á eftir gegndi Mímir gríðarlega miklu hlutverki í að mennta og virkja fólk á vinnumarkaði. Gæta þarf sérstaklega að viðkvæmstu hópunum en það eru þeir sem minnsta menntun hafa, sem og innflytjendur. Markhópur Mímis er sá hópur sem hefur sýnt sig að verði verst úti og missi störf í þeim þrengingum sem nú eru á vinnumarkaði vegna áhrifa COVID-19. Mikilvægt er að grípa þá sem missa vinnuna og aðstoða þá við færnipuppbyggingu, sérstaklega hvað tækniþekkingu og færni varðar.

Mímir er ekki skilgreindur í íslensku skólakerfi sem formlegur skóli en gegnir veigamiklu hlutverki við að hækka menntunarstig þjóðarinnar með því að veita fullorðnu fólki annað tækifæri til náms. Það er því áhyggjuefni að fjármagn til málaflokksins skuli minnka ár frá ári og virðist ekki haldast í hendur við eftirspurn eftir námi í óformlega kerfinu. Þá hefur fjármagn frá ríki til Mímis vegna íslenskukennslu fyrir




Eyrún Björk Valsdóttir, formaður stjórnar

útlendinga hvorki fylgt verðlagsþróun né endurspeglað fjölgun útlendinga á Íslandi og þar með eftirspurn eftir námskeiðum.

Sem fræðsluaðili er Mímir samfélagsleg auðlind enda rekið til almannaheilla án hagnaðarsjónarmiða. Mímir er afsprengi langrar baráttu verkalýðshreyfingarinnar í fræðslumálum og er ætlað að stuðla að framkvæmd, þróun og nýsköpun í fræðslu fyrir fullorðin fólk á vinnumarkaði. Gott samstarf við atvinnulífið, starfsmenntasjóði, verkalýðshreyfinguna og hið opinbera er þar lykilatriði.

Framtíðin felur í sér mikla áskorun sem Mímir mun taka virkan þátt í með áframhaldandi þróunarvinnu byggða á þeim trausta grunni sem fyrir er. Höldum áfram með það markmið að leiðarljósi að hækka menntunarstig þjóðarinnar, eflum enn frekar samstarfið við atvinnulífið og leggjum áfram áherslu á gæði í framhaldsfræðslu. Fyrir hönd stjórnar Mímis vil ég þakka starfsfólki, kennurum og samstarfsaðilum fyrir afbragðs gott starf á árinu 2020.

SVIPMYNDIR ÚR STARFI MÍMIS



PISTILL FRAMKVÆMDASTJÓRA

FARSÆLT ÁR ÞRÁTT FYRIR FARALDUR

Á heildina litið var árið 2020 farsælt í starfsemi Mímis. Nemendastundum fjölgaði á milli ára þrátt fyrir þá gríðarlega óvissu sem ríkti um rekstur og starfsemi Mímis vegna heimsfaraldurs kórónaveiru sem hrellti samfélög um allan heim og ógnaði lífi og heilsu fólks. Skólahald í Mími tók breytingum í takti við þær sóttvarnareglur sem yfirvöld boðuðu hverju sinni auk þess sem allt kapp var lagt á fjarkennslu og rafræna ráðgjöf. Hin tæknilega framtíð varð því allt í einu í nútíð, kannski mun fyrr en reiknað hafði verið með.

Skólastarf í stafrænum heimi

Nemendastundum fjölgaði um 6% á milli ára sem telst ákveðið afrek á tímum Covid-19 og sýnir vel hversu vel tókst til í Mími við umbyltingu skólastarfs inn í hinn stafræna heim. Hjá Mími var ráðist í umfangsmikla vinnu í því augnamiði að tryggja nemendum mikilvæga samfellu í námi þrátt fyrir lokun skólans og/eða samkomutakmarkanir og minnka þannig líkur á mögulegu brottfalli úr námi. Fjarkennsla var tekin upp hjá Mími í námsbrautum og námskeiðum sem áður voru kennd í staðnámi. Að sama skapi urðu viðtöl hjá náms- og starfsráðgjöfum rafræn, sem og raunfærniat. Þá unnu starfsmenn til skiptis heiman frá sér að miklu og stundum öllu leyti og fengu þann tækjakost og tæknibúnað sem til þurfti.

Stærsta verkefnið var að styðja við bæði kennara og nemendur við þessa umbyltingu og gæta þess að starfsfólk, kennarar og nemendur réðu við það álag sem kom til vegna Covid-19. Mikil vinna fór í að breyta verkferlum og sóttvarnaviðmiðum hjá Mími í takti við það sem yfirvöld boðuðu hverju sinni. Kynningarþátturinn var ekki síður krefjandi því ný viðmið þurfti sífellt að kynna bæði innan og utan Mímis og helst á fleiri tungumálum en íslensku. Þá var viðmiðunum fylgt eftir og kapp lagt á að tryggja að eftir þeim væri farið.

Fáir heltust úr lestinni

Þökk sé áherslu undanfarinna ára á innleiðingu á tækni hjá Mími var skólinn ágætlega búinn hvað tæknibúnað og kennslukerfi til fjarkennslu varðar. Bæði kennarar og nemendur sýndu aðdáunarvert frumkvæði og seiglu við að mæta nýjum kröfum um stafræn samskipti og á sama tíma tryggja gæði kennslunnar. Þá sýndi starfsfólk Mímis, kennarar, samstarfsaðilar og nemendur samstöðu sem aldrei fyrr og tókust á við verkefni af ábyrgð og æðruleysi. Árangurinn lét ekki



Sólveig Hildur Björnsdóttir, framkvæmdastjóri

á sér standa og heltust færri nemendur úr lestinni en óttast var enda þótt oft sé um að ræða viðkvæma hópa námslega.

Við slíka umbyltingu skólastarfs sem veiran krafðist mætti Mímir vissulega nýjum áskorunum en ekki síður nýjum lausnum. Sumt virkaði vel en annað síður og er dreginn mikilvægur lærdómur af reynslunni sem nýttist til framtíðar. Þá tókst Mími að sinna nýsköpun í námsframboði samhliða stafrænni umbyltingu og setti á laggirnar ný námskeið bæði tengt fjórðu iðnbyltingunni og auknu atvinnuleysi vegna Covid-19.

Skortur á fyrirsjáanleika í rekstrarumhverfinu

Rekstrarafgangur varð hjá Mími uppá rúmar fjórar milljónir króna miðað við um þrjár milljónir árið á undan. Reksturinn gengur vel með stöðugu utanumhaldi og eftir umfangsmikla endurskoðun verkferla, sem og innleiðingu línulegrar stjórnnar.

Mímir hlaut í annað sinn viðurkenningu Creditinfo sem Framúrskarandi fyrirtæki árið 2020 auk þess að uppfylla þriðja árið í röð ströng skilyrði Viðskiptablaðsins og Keldunnar til að teljast Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri árið 2020.

Fjárframlög stjórnvalda til framhaldsfræðslunnar hafa því miður ekki gengið í takt við eftirspurn í nám. Framlag Fræðslusjóðs til vottaðra námsbrauta hjá Mími árið 2020 stóð undir 6,4% færri kennslustundum en árið 2019 sem er samdráttur uppá heila önn í

fullu námi fyrir einn nemendahóp. Þannig hefur þróunin verið niður á við frá árinu 2017 og hefur framlag til vottaðra námsbrauta hjá Mími lækkað um 19% frá því ári. Fjölgun nemendastunda á árinu 2020 skýrist fyrst og fremst af stærri hópum og meiri áherslu á lengri námsbrautir en styttri. Aðkoma stjórnvalda að íslenskukennslu fyrir útlendinga minnkar að verðgildi með hverju árinu sem líður. Það gerist þrátt fyrir aukna eftirspurn í námið, aukinn fjöldi útlendinga á íslenskum vinnumarkaði og þrátt fyrir yfirlýstan vilja stjórnvalda til að gera betur. Stuðningur stjórnvalda við íslenskunám útlendinga minnkar því stöðugt sem leiðir til þess að námið verður dýrara fyrir þá sem það sækja.

Fyrirsjáanleiki er ekki orðið til að lýsa rekstrarumhverfi framhaldsfræðslunnar. Allt árið ríkti fullkomin óvissa um stóran tekjulið hjá Mími en það er framlagið frá stjórnvöldum sem aðilar vinnumarkaðarins sömdu um í kjarasamningum árið 2015 til þess að styrkja möguleika fullorðinna á vinnumarkaði til náms. Enda þótt Fjárlög vegna ársins 2020 hafi áfram gert ráð fyrir viðbótarframlaginu barst það Mími ekki fyrr en í lok árs eða 10. desember, samtals 37,8 milljónir króna. Mörg verkefni komust því ekki á koppinn á árinu sem hefði verið hægt að ráðast í ef fjármagnið hefði legið fyrir í byrjun árs. Viðbótarfjármagnið hefur gert gæfumuninn fyrir rekstrargrundvöll Mímis enda hafa fjárframlög úr ríkissjóði til Mímis undanfarin ár ekki endilega haldist í hendur við stærð markhópsins sem Mímir sinnir.

Liðsheild sem aldrei fyrr

Árið 2020 var vonandi einstakt með tilliti til faraldursins. Á sama tíma var einstakt að starfa með stjórnendum og starfsfólki fyrirtækisins við að halda úti þeirri grunnþjónustu sem Mímir veitir á afar krefjandi tímum.

Mér er efst í huga þakklæti og er ég stolt yfir þeim forréttindum að fá vera hluti af Mímishópnum sem er í senn þrautseigur, metnaðarfullur og dugmikill. Góðan árangur Mímis er fyrst og fremst öflugur og metnaðarfullu starfsfólki að þakka, sem og okkar traustu kennurum og nemendum.

Ég er stolt af því hvernig starfsfólk, kennarar og nemendur í Mími tókust á við ný verkefni af yfirvegun, voru úrræðagóðir og ekki síður skynsamir. Liðsheildin sýndi styrk sinn sem aldrei fyrr. Óhætt er að segja að mikið hafi reynt á stoðir Mímis sem sannarlega stóðst prófið. Gildi Mímis um samvinnu, fagmennsku og fram-sækni voru þar gott og mikilvægt veganesti. Eins og áður er mikill hugur í Mímisfólki sem horfir til framtíðar björtum augum.

Fyrir hönd Mímis þakka ég viðskiptavinum og samstarfsaðilum fyrir framúrskarandi samvinnu á árinu og stjórn, starfsfólki og kennurum fyrir öflugt og metnaðarfullt starf.

Sólveig Hildur Björnsdóttir



MANNAUÐUR

Í stjórn Mímis sitja fimm aðalmenn og þrír varamenn. Stjórnina skipa Eyrún Björk Valsdóttir formaður, Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir varaformaður, Ragnar Ólason meðstjórnandi, Lilja Kristbjörg Sæmundsdóttir meðstjórnandi og Eyþór Árnason meðstjórnandi. Varamenn eru Sólveig Anna Jónsdóttir, Hilmar Harðarson og Ingibjörg Ósk Birgisdóttir.

Mannauður Mímis samanstendur af öflugum starfsmönnum og leiðbeinendum sem skila því faglega og góða starfi sem unnið er hjá Mími. Stöðugildi hjá Mími voru 18,4 árið 2020 og er það svipað árinu á undan. Þá voru um 125 í verktöku hjá Mími meðal annars við kennslu og er það einnig svipaður fjöldi og árið 2019.

STJÓRN

Eyrún Björk Valsdóttir
formaður

Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir
varaformaður

Ragnar Ólason
meðstjórnandi

Eyþór Árnason
meðstjórnandi

Lilja Kristbjörg Sæmundsdóttir
meðstjórnandi

Hilmar Harðarson
varamaður

Ingibjörg Ósk Birgisdóttir
varamaður

Sólveig Anna Jónsdóttir
varamaður





NÚVERANDI STARFSMENN

Alma Guðrún Frímansdóttir
verkefnastjóri

Ingibjörg Hanna Björnsdóttir
náms- og starfsráðgjafi

Rut Magnúsdóttir
verkefnastjóri

Anna Sólveig Sigurðardóttir
verkefnafulltrúi

Ingunn Guðmundsdóttir
sviðsstjóri/staðgengill
framkvæmdastjóra

Sigríður Droplaug Jónsdóttir
sviðsstjóri

Anney Þórunn Þorvaldsdóttir
aðstoðarmaður framkvæmdastjóra/
verkefnastjóri

Irma Matchavariani
verkefnastjóri

Sólborg Jónsdóttir
viðskiptastjóri/verkefnastjóri

Álfhildur Eiríksdóttir
náms- og starfsráðgjafi/
verkefnastjóri

Joanna Dominiczak
verkefnastjóri

Sólveig Hildur Björnsdóttir
framkvæmdastjóri

Berta Stefánsdóttir
verkefnafulltrúi

Jóhanna Steinunn Snorradóttir
bókari

Svanhvít Bragadóttir
verkefnafulltrúi

Bryndís Bessadóttir
gjaldkeri/verkefnastjóri

Karen Guðmundsdóttir
náms- og starfsráðgjafi/
verkefnastjóri

Vala Sigurlaug Valdimarsdóttir
verkefnastjóri

Harpa Sif Þórsdóttir
náms- og starfsráðgjafi/
verkefnastjóri

Kristín Erla Þráinsdóttir
náms- og starfsráðgjafi/
verkefnastjóri

FRÆÐSLA

Starfsemi Mímis fór ekki varhluta af þeirri óvissu sem Covid-19 veiran olli á árinu 2020 og breyttist skólahald í takti við þær sóttvarnareglur sem yfirvöld boðuðu hverju sinni.

Nemendastundum fjölgaði um 6% á milli ára sem telst ákveðið afrek á tímum Covid-19 og sýnir hve vel tókst til við umbyltingu skólastarfs inn í hinn starfræna heim. Munar þar mestu um fjölgun nemendastunda í starfstengdum og almennum námsbrautum. Þá dróst fjöldi nemendastunda saman um 9% í íslensku fyrir útlendinga á milli ára sem skýrist af fækkun nemendastunda á íslenskunámskeiðum fyrir vinnustaði en eftirspurn eftir þeim dróst töluvert saman við upphaf faraldursins þegar skólalokun og samkomutakmarkanir tóku fyrst gildi. Þrátt fyrir tímabundna minni eftirspurn nægði árlegur fjárstyrkur mennta- og menningarmálaráðuneytisins til íslenskunámskeiða hjá Mími ekki að mæta eftirspurn eftir námskeiðunum heilt yfir árið 2020. Þá fækkaði viðtölum í náms- og starfsráðgjöf á milli ára sem skýrist fyrst og fremst af lægra framlagi frá Fræðslusjóði til ráðgjafar. Samtals fóru 80 manns í gegnum raunfærnimat árið 2020 en 45 árið 2019. Skýrist það af fjölda þeirra er fóru í gegnum raunfærnimat í fagnámi verslunar og þjónustu sem er fyrir starfandi verslunarfólk þar sem kunnátta og hæfni hvers og eins er metin til eininga á móti kenndum áföngum í Verzlunarskóla Íslands.

Hjá Mími var ráðist í umfangsmikla vinnu í því augnamiði að tryggja nemendum mikilvæga samfellu í námi þrátt fyrir lokun skólans og minnka þannig líkur á

mögulegu brottfalli úr námi. Á um tveimur sólarhringum færðist almenn þjónusta, nám og kennsla í fjar-kennslu og fjarþjónustu í gegnum vef. Að sama skapi fóru viðtöl hjá náms- og starfsráðgjöfum fram í gegnum fjarfundarbúnað, sem og raunfærnimat.


Bæði kennarar og nemendur sýndu aðdáunarvert frumkvæði og seiglu við að mæta nýjum kröfum um stafræn samskipti og á sama tíma tryggja gæði kennslunnar. Árangurinn lét ekki á sér standa og heldust mun færri nemendur úr lestinni en óttast var.

Stærsta verkefnið var að styðja við bæði kennara og nemendur í þessari umbyltingu og gæta þess að starfsfólk, kennarar og nemendur réðu við það álag sem kom til vegna Covid-19. Starfsfólk myndaði tækniþróunarteymi sem hafði það hlutverk að aðstoða bæði kennara og nemendur í þessu skyni. Kennarar voru hvattir til að leita til tækniþróunarteymis til að fá aðstoð við að gera kennsluna stafræna. Þá stóð bæði kennurum og nemendum til boða að fá lánaðan tækniþróunarteymi til náms og kennslu. Náms- og starfsráðgjafar skipuðu svokallað nemendateymi til þess að styðja við bakið á nemendum við námið. Neyðarstjórn Mímis fundaði daglega og hélt vikulega upplýsingafundi með starfsfólki Mímis.


Við umbyltingu skólastarfs vegna Covid-19 mætti Mímir vissulega nýjum áskorunum en ekki síður nýjum lausnum. Sumt virkaði vel en annað síður og er dreginn mikilvægur lærdómur af reynslunni.




Heildarfjöldi nemendastunda árin 2016-2020




Nemendastundir árið 2020




Heildarfjöldi nemenda á milli ára (kynjaskipt)




Heildarfjöldi nemenda eftir árum



Aldursdreifing nemenda árið 2020



Fjöldi viðtala árin 2016-2020



ÍSLENSKA SEM ANNAÐ MÁL

Mikil breyting varð á framboði á fjarnámskeiðum á öllum stigum í kjölfar Covid-19 faraldursins. Á árinu 2020 voru alls haldin 111 íslenskunámskeið með 1362 þátttakendum sem luku námskeiðum með 75% mætingu að lágmarki. Af þeim fóru 52 námskeið fram í fjarnámi að hluta til eða að öllu leyti. Ljóst þykir að fjarnám á öllum stigum hafi í kjölfarið fest sig í sessi hjá Mími.

Almenn námskeið

Námskeiðin árið 2020 voru á fimm stigum auk sérstakra talþjálfunarnámskeiða og voru í boði bæði morgun- og kvöldnámskeið. Boðið var upp á stig 1 og 2 í íslensku fyrir tíu mismunandi tungumáláhópa þar sem kennarinn styðst við móðurmál nemenda, til dæmis arabísku, kúrdísku og farsí. Meðal nýjunga á árinu var fjarnámskeið fyrir Taílendinga þar sem stuðst var við taílensku til útskýringa fyrir nemendur. Kennsla á almennum íslenskunámskeiðum fór fram á tveimur stöðum; í Höfðabakka og í húsnæði Mímis að Öldugötu 23. Kennsla og námsefni taka mið af námskrá mennta- og menningarmálaráðuneytisins og er lögð áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir, rafrænar leiðir auk hefðbundinna verkefna sem efla almenna íslenskuþekkingu og færni í að nota tungumálið í daglegu lífi.

Íslenskunámskeið fyrir fyrirtæki

Starfstengdum námskeiðum í íslensku fækkaði um 46% á milli ára en alls voru haldin 15 námskeið hjá fimm fyrirtækjum í samanburði við 28 námskeið árið áður.

Í samstarfi Mímis og fyrirtækja var lögð áhersla á markviss og árangursrík íslenskunámskeið sem koma til móts við þarfir bæði vinnustaða og starfsmanna. Áframhaldandi samstarf var við Landspítalann um íslenskunámskeið fyrir erlent starfsfólk sem starfar við umönnun, fyrir fagmenntað fólk, svo sem lækna, hjúkrunarfræðinga, geislafræðinga og fleiri stéttir.

Nokkur fyrirtæki bjóða árlega upp á íslenskunámskeið fyrir starfsfólk sitt í samstarfi við Mími og voru nokkur námskeið hafin þegar Covid-19 faraldurinn skall á. Komið var til móts við fyrirtækin með fjarkennslu eða með því að fresta námskeiðum tímabundið. Engin fyrirtæki, utan Landspítalans, buðu upp á íslenskunámskeið á seinni hluta ársins. Hjá Landspítalanum varð að færa öll íslenskunámskeiðin bæði á vor- og haustönn yfir í fjarnám og tókst að ljúka þeim öllum með ágætum árangri, eða alls níu námskeiðum. Skipti þar jákvæðni og góð samvinna Mímis, spítalans og kennara miklu máli.

Námskeið fyrir atvinnuleitendur af erlendum uppruna í samstarfi við Vinnumálastofnun

Tvö almenn íslenskunámskeið fyrir atvinnuleitendur af erlendum uppruna voru haldin í samstarfi við Vinnumálastofnun á móti 16 námskeiðum árið á undan. Í kjölfar aukinnar áherslu á einstaklingsbundna þjónustu urðu breytingar hjá Vinnumálastofnun á námsframboði fyrir þjónustugepa sína á árinu. Atvinnuleitendur af erlendum uppruna, sem hafa til þess rétt, eru nú hvattir til að taka þátt í almennum íslenskunámskeiðum að eigin vali eftir því sem hentar hverjum og einum. Hjá Mími hefur tæknileg vinna og vinna vegna skráninga og upplýsingagjafar til Vinnumálastofnunar aukist vegna þessa.


Námsbrautin *Að lesa og skrifa á íslensku* var einnig nýtt fyrir þjónustugepa Vinnumálastofnunar en alls luku fjórir slíkir hópar námi á árinu.

Próf í íslensku fyrir umsækjendur um íslenskan ríkisborgararétt

Einstaklingum sem þreyttu próf sem hluta af umsókn um íslenskan ríkisborgararétt fækkaði um tæp 12% á milli ára en 384 einstaklingar tóku prófið árið 2020 miðað við 435 árið 2019. Rekja má fækkun próftaka til áhrifa af Covid-19, sérstaklega um vorið þegar próftakar voru 141 en uppsöfnuð þörf kom í ljós á haustönn þegar 243 einstaklingar tóku prófið í alls 12 prófalotum.

Framkvæmd íslenskuprófa vegna umsókna um íslenskan ríkisborgararétt er hjá Mími en prófin eru á vegum Menntamálastofnunar. Prófað er í skilningi, ritun, hlustun og tali. Tvær prófalotur fóru fram á árinu, önnur í lok maí og hin í lok nóvember. Prófin fóru fram í húsakynnum Mímis í Höfðabakka en einnig hjá Símei á Akureyri og Austurbrú á Egilsstöðum.

Íslenska sem annað mál - nemendastundir á milli ára





Everything at Mímir was super organized and I had a very pleasant learning experience.



Námsbrautir

Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum

300 kennslustundir/200 klukkustundir

Á árinu lagði einn nemendahópur stund á nám í almennum bóklegum greinum. Megináhersla námsins er nám og þjálfun í íslensku, ensku, dönsku og stærðfræði, auk þjálfunar í námstækni, sjálfsþekkingu og samskiptum. Þeir sem ljúka námi í almennum bóklegum greinum hafa hlotið nægan undirbúning til að hefja nám í Menntastoðum.

Menntastoðir

660 kennslustundir/440 klukkustundir


Á árinu lögðu tíu nemendahópar stund á nám í Menntastoðum. Námsbrautin veitir þeim sem ná tilskildum árangri greiðan aðgang að undirbúningsdeildum háskóla og eru nemendur þar með komnir í láns hæft nám. Helstu námsgreinar eru, auk námstækni og sjálfsstyrkingar, íslenska, enska, danska, stærðfræði, tölvu- og upplýsingatækni og lokaverkefni. Nemendum stendur til boða að ljúka Menntastoðum á einni önn í staðnámi, á tveimur önnum í dreifnámi eða í fjarnámi.

Að lesa og skrifa á íslensku

120 kennslustundir/80 klukkustundir

Á árinu lögðu níu nemendahópar stund á nám í Að lesa og skrifa á íslensku. Námið er hugsað fyrir fólki af erlendum uppruna sem þarf þjálfun við að lesa og skrifa á íslensku, glímur við ólæsi eða hefur ekki náð tókum á latneska letrinu. Námsgreinar eru lestur, ritun, tölvuþjálfun og sjálfsstyrking.

Almennar námsbrautir - nemendastundir á milli ára





Starfstengdar námsbrautir

Fagnámskeið I og II fyrir starfsmenn leikskóla

200 kennslustundir/140 klukkustundir

Á árinu lögðu tveir nemendahópar stund á nám á Fagnámskeiði I og II fyrir starfsmenn leikskóla sem er nám í grunnatriðum leikskólastarfs fyrir starfsfólk leikskóla og er það haldið í samstarfi við Eflingu stéttarfélag. Að námi loknu sækja margir um áframhald í leikskólaliðabréu.

Fagnámskeið I og II í aðhlynningu og umönnun

198 kennslustundir/132 klukkustundir

Á árinu lögðu fjórir nemendahópar stund á nám á Fagnámskeiði I og II í aðhlynningu og umönnun í samstarfi við Eflingu stéttarfélag.

Þá lögðu tveir nemendahópar stund á námið í samstarfi við heilbrigðisráðuneytið og stéttarfélagið Eflingu en um fólk í atvinnuleit var að ræða. Heilbrigðisráðuneytið styrkti verkefnið og Efling sá um að kynna námskeiðið fyrir félagsmönnum Eflingar sem eru í atvinnuleit. Mímir sá um skipulag og framkvæmd fagnámskeiðsins.

Námið er grunnám fyrir starfsfólk við umönnun og aðhlynningu en að því loknu halda margir áfram og ljúka námi af Félagsliðabréu.

Leikskólaliðabréu

570 kennslustundir/380 klukkustundir

Á árinu lögðu tveir nemendahópar stund á nám við Leikskólaliðabréu. Leikskólaliðabréu er tveggja ára nám á framhaldsskólastigi samhliða starfi og veitir það starfsheitið leikskólaliði. Námsbrautin er haldin í samstarfi við Eflingu stéttarfélag.

Félagsliðabréu

480 kennslustundir/320 klukkustundir

Á árinu lögðu tveir nemendahópar stund á nám við Félagsliðabréu. Félagsliðabréu er fjögurra ára nám á framhaldsskólastigi samhliða starfi og veitir það starfsheitið félagsliði. Námsbrautin er haldin í samstarfi við Eflingu stéttarfélag.

Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk

72 kennslustundir/48 klukkustundir

Á árinu lagði einn hópur stund á nám á Grunnnámskeiði fyrir fiskvinnslufólk en námsbrautin var haldin í samstarfi við HB Granda. Námskráin er ætluð þeim sem starfa við verkun og vinnslu sjávarafla, þ.e. við flakvinnslu, frystingu, söltun, skreiðarverkun, rækju- og skelvinnslu. Markmið námsins er að styrkja faglega hæfni nemenda, auka þekkingu þeirra á vinnslu sjávarafla og meðferð aflans allt frá veiðum að borði neytandans.

Nám í stóriðju, framhaldsnám

578 kennslustundir/385 klukkustundir

Einn nemendahópur lagði stund á Nám í stóriðju, framhaldsnám. Námið er ætlað þeim sem sinna starfi í stóriðju þar sem bræðsluofnar eða rafgreiningarker eru burðarásar í framleiðslunni og rafgreining, efnisvinnsla, steypa, kerfóðrun, flutningar, rannsóknir, ofngæsla, mölun og sigtun eru meðal þess sem þarf til framleiðslunnar. Tilgangur námsins er að auka hæfni starfsfólks til að sinna fjölbreyttum störfum í stóriðju, auka öryggi við vinnu, styrkja starfs- og samskiptahæfni, auka starfsánægju og gera vinnustaðinn eftirsóknarverðari, ásamt því að auka verðmætasköpun, auðvelda innleiðingu breytinga og styrkja samkeppnisstöðu stóriðjufyrirtækja. Námsbrautin er kennd hjá ÍSAL og er heildarnámstíma skipt niður á 3 annir. Hópurinn hóf nám á vorönn 2019 og lauk því námi vorið 2020.

Samfélagstúlkun

195 kennslustundir/130 klukkustundir

Á árinu lögðu tveir nemendahópar stund á nám í Samfélagstúlkun. Námið er ætlað þeim sem sinna eða hafa hug á að sinna starfi við Samfélagstúlkun sem felst í því að miðla munnlega merkingu á milli aðila sem ekki tala sama tungumál, án þess að taka afstöðu til viðfangsefnisins.

Skrifstofuskólinn

240 kennslustundir/160 klukkustundir

Á árinu lögðu fimm nemendahópar stund á nám í Skrifstofuskólanum en Skrifstofuskólinn er samstarfsverkefni Nýja tölvu- og viðskiptaskólans (NTV) og Mímis. Um er að ræða vinsælt og hagnýtt nám þar sem þátttakendur fá þjálfun í almennum skrifstofustörfum. Námsaðferðir byggjast á hagnýtum viðfangsefnum og er kennt samkvæmt nýlega endurskoðaðri námskrá.

Sölu-, markaðs- og rekstrarnám


410 kennslustundir/273 klukkustundir

Á árinu lögðu þrír nemendahópar stund á Sölu-, markaðs- og rekstrarnám en námsbrautin er haldin í samstarfi við Nýja tölvu- og viðskiptaskólann (NTV). Námsbrautin hentar þeim sem hafa áhuga á að vinna við sölu-, rekstrar- og markaðsmál og þeim sem vilja stofna til eigin reksturs. Markmiðið er að þátttakendur öðlist þá innsýn og færni í viðskipta-, markaðs- og sölumálum sem þarf til að undirbúa eigin rekstur eða til að starfa sem sölu- og markaðsfulltrúi stærri fyrirtækja.


Mjög vel undirbúið námskeið sem gagnast öllum túlkum, jafnt byrjendum sem lengra komnum. Takk kærlega fyrir mig!



Starfstengdar námsbrautir - nemendastundir á milli ára



Tungumál - nemendastundir á milli ára



Önnur námskeið

Tungumálanámskeið

Níu námskeið í erlendum tungumálum voru haldin á árinu og nokkuð var um einkatíma í ýmsum tungumálum. Námskeið í ensku og spænsku reyndust hvað vinsælust. Námskeiðum í erlendum tungumálum fækkaði um sex á milli ára.

Starfslokanámskeið

16 kennslustundir/11 klukkustundir

Eitt starfslokanámskeið var haldið í samstarfi við Eflingu stéttarfélag fyrir félagsmenn Eflingar. Á námskeiðunum er fjallað um lífeyristryggingar, réttindi félagsmanna Eflingar, heilsu, hreyfingu og næringu, réttindi vegna heilbrigðisþjónustu, búsetumál, frí-stundir og starfslok.

Framhaldsnám félagsliða

56 kennslustundir/37 klukkustundir

Framhaldsnámskeið um fötlun var haldið á haustönn í samvinnu við Eflingu stéttarfélag. Námið er sérhannað fyrir félagsliða. Eitt námskeið fór fram á árinu.

Dyravarðanámskeið

24 kennslustundir/16 klukkustundir

Tveir nemendahópar luku Dyravarðanámskeiði á árinu. Námskeiðið er liður í samstarfsverkefni Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Reykjavíkurborgar, Samtaka ferðaþjónustu (SAF) fyrir hönd skemmtistaða í Reykjavík og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS) um ofbeldislausa og örugga skemmtistaði í Reykjavík. Samkomulagið miðar að bættum samskiptum og samstarfi milli þessara aðila. Jafnframt snýr verkefni hópsins að öruggum borgum (e. Safe Cities) sem Reykjavíkurborg er aðili að. Í aðgerðaá-

ætlan samkomulagsins er tilgreint að eingöngu starfi dyraverðir sem lokið hafa námskeiði og lögreglustjóri hefur samþykkt. Tilgangur námsins er fyrst og fremst að efla dyraverði í starfi en einnig er því ætlað að stuðla að öryggi starfsfólks og gesta vínveitingahúsa.

Starfsleitarstofur

16 kennslustundir/11 klukkustundir

Eitt starfsleitarnámskeið var haldið í samvinnu við Vinnumálastofnun. Námskeiðið miðar að því að tryggja atvinnuleitendum ákveðna grunnþekkingu í undirstöðuatriðum atvinnuleitar. Áhersla er lögð á sjálfstyrkingu, aðhald og hvatningu til atvinnuleitar.

Virkninámskeið Aftur til vinnu

4,5 kennslustundir/3 klukkustundir

Sex virkninámskeið – Aftur til vinnu voru haldin í samvinnu við Eflingu stéttarfélag. Námskeiðin eru fyrir félagsmenn Eflingar, Verkalýðsfélagsins Hlíf og Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis sem eru án atvinnu. Námskeiðin miða að því að kynna hagnýt ráð í atvinnuleit, til að mynda um hvernig best sé að koma sér á framfæri, hvar sé best að bera niður og hvernig sé hægt að nýta sér tölvutækni til að ná árangri.

Starfsmaður 21. aldarinnar

42 kennslustundir/28 klukkustundir

Eitt námskeið var haldið í samvinnu við Starfsafl, Landsmennt, Sveitamennt, Ríkismennt og Starfsmenntasjóð verslunar- og skrifstofufólks. Námskeiðið er ætlað öllum þeim sem vilja styrkja sig gagnvart tækni. Leitast er við efla einstaklinga í þeirri tækni sem mest ákall er um að einstaklingar tileinki sér til að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði.



I would like to thank Mímir for all the professional service and the support for the students.





RÁÐGJÖF OG STÖÐUMAT

Náms- og starfsráðgjöf

Fjöldi viðtala hjá náms- og starfsráðgjöfum dróst saman um 17% milli ára en 1283 viðtöl voru tekin árið 2020 á móti 1551 árið 2019. Fækkun viðtala skýrist fyrst og fremst af lægra framlagi frá Fræðslusjóði til ráðgjafa.

Stöðugildi náms- og starfsráðgjafa voru þrjú framman af ári en fjórði ráðgjafinn bættist við í hlutastarfi í september.

Mímir er með þjónustusamning við Fræðslusjóð um náms- og starfsráðgjöf og tekur umfang þjónustunnar mið af þeim samningi. Allir starfsmenn Mímis eru samstarfsaðilar ráðgjafa og beina fólki í ráðgjöf ásamt því að leita ráða um hin ýmsu málefni tengd nemendum.

Meginmarkmið náms- og starfsráðgjafa Mímis er að efla vitund einstaklinga um hæfileika sína, viðhorf og áhuga þannig að þeir geti notið sín í námi og starfi. Ráðgjöfinni er ætlað að auðvelda fólki að átta sig á styrkleikum sínum, færni og áhuga til að eiga auðveldara með að ákveða næstu skref í námi og starfi. Náms- og starfsráðgjafa hafa sérfræðipækkingu á því sviði að aðstoða einstaklinga við að kortleggja hvar viðkomandi er staddur, með því að laða fram þá hæfni, færni og reynslu sem viðkomandi hefur og aðstoða þannig við ákvörðunartöku um næstu skref.

Verkefni náms- og starfsráðgjafa tóku litlum breytingum þrátt fyrir heimsfaraldur Covid-19 og voru sem áður ráðgjöf til einstaklinga og stjórnun verkefna í

raunfærnimati. Hins vegar var minna um hópráðgjöf, kennslu í námsbrautum og ráðgjöf til fyrirtækja. Þá færðust einstaklingsviðtöl að mestu yfir á rafrænt form. Með rafrænni ráðgjöf jókst aðgengi að náms- og starfsráðgjöf óháð því hvar og hvenær viðkomandi leitaði eftir upplýsingum. Enda þótt ráðgjöfin væri rafræn var áfram farið yfir náms- og starfsferil ráðþega og veittar upplýsingar um nám sem í boði er. Náms- og starfsráðgjafa hjá Mími höfðu samband við nemendur, bentu þeim á leiðir til að takast á við hindranir í námi og tileinka sér árangursrík vinnubrögð þrátt fyrir faraldurinn. Þegar faraldurinn var í niðursveiflu fóru náms- og starfsráðgjafa inn í nemendahópa eftir þörfum í því skyni að vinna gegn brotthvarfi nemenda úr námi.

Þegar atvinnuleysi tók að aukast sökkum samdráttar í samfélaginu vegna Covid-19 var aukin áhersla lögð á ráðgjöf sem snerti starfsþróun og atvinnuleit, svo sem áhugasviðsgreiningu, gerð ferilskrár, skipulagningu starfsleitar og að leiðbeina atvinnuleitendum um að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði.

Raunfærnimat

Alls fóru 80 einstaklingar í gegnum raunfærnimat hjá Mími árið 2020 en 45 árið á undan. Raunfærni er sam- anlögð færni sem náð er með ýmsum hætti í námi, starfi eða einkalífi. Raunfærnimat er staðfesting og mat á raunfærni. Eins er það gott tæki til starfsþróunar og sjálfsefningar hvort sem metið er á móti námskrá eða viðmiðum atvinnulífsins. Ávinningurinn skilar sér bæði fyrir einstaklinginn og samfélagið. Mímir hefur aðgang að framúrskarandi matsaðilum í öllum grein-



um raunfærnimats sem fram fer hjá Mími úti í skólum og fyrirtækjum. Nýtt raunfærnimat fór af stað á árinu; raunfærnimat í fagnámi verslunar og þjónustu, sem er fyrir starfandi verslunarfólk þar sem kunnátta og hæfni hvers og eins er metin til eininga á móti kenndum áföngum í Verzlunarskóla Íslands.

Raunfærnimat er stór þáttur í verkefnum náms- og starfsráðgjafa en þeir sjá um verkefnastjórn og ráðgjöf í því. Eftirfarandi raunfærnimat fór fram árið 2020:

- Raunfærnimat á móti viðmiðum félags- og tómstundabrautar, leikskólaliðabrautar og félagsliðabrautar. Fór fram í rafrænni ráðgjöf.
- Raunfærnimat í almennum bóklegum greinum (ensku, íslensku, stærðfræði og dönsku). Fór fram í rafrænni ráðgjöf.
- Raunfærnimat á móti almenntri starfshæfni. Hefðbundið, þ.e. fór fram á staðnum.
- Raunfærnimat á móti fagnámi í verslun og þjónustu. Fór fram ýmist rafrænt eða á staðnum.

Að auki var samstarf við Visku fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja um raunfærnimat í skipstjórn. Ráðgjafar Mímis voru þátttakendum innan handar í matsviðtölum.

Haldið verður áfram að vinna að raunfærnimati á árinu 2021 samkvæmt samningi við Fræðslusjóð fyrir árið 2020 sem ekki tókst að ljúka fyrir áramót.

Stöðumat í íslensku

Hjá Mími er væntanlegum þátttakendum á almennum íslenskunámskeiðum boðið að sækja stöðumat í íslensku svo hægt sé að ráðleggja það námskeið sem hentar best. Stöðumat í íslensku er bæði skriflegt og munnlegt. Stöðumat er auglýst og haldið áður en vor- og haustönn hefst en einnig geta nemendur sótt stöðumatið fyrir einstakar lotur í íslenskunámskeiðunum. Hjá Mími er einnig hægt að taka próf í íslensku sem hægt er að nýta til umsóknar um ótímabundið dvalarleyfi hér á landi. Staðfestingar frá Mími þar að lútandi eru viðurkenndar af Útlendingastofnun. Á árinu þreyttu alls 34 einstaklingar slíkt stöðumat. Að auki hefur Mímir í mörg ár boðið hjúkrunarfræðingum af erlendum uppruna upp á að taka sérstakt próf í íslensku til að meta getu sína í íslensku áður en þeir sækja um starfsleyfi til Landlæknisembættisins til að starfa sem hjúkrunarfræðingar á Íslandi.

Prófamiðstöð

Einn af þáttunum í starfsemi Mímis er að bjóða upp á aðstöðu til próftöku fyrir fjarnema í Háskólanum á Akureyri. Árið 2020 tóku 204 próf hjá Mími. Engin próf voru haldin á vorönn vegna Covid-19.

Háskólinn á Akureyri og Mímir hófu samstarfið haustið 2019 sem gengur út á það að veita nemendum háskólans aðstöðu til próftöku bæði á símatdögum sem og í prófatíðum háskólans.

Superstar
teaching.





ÞRÓUNAR- OG SAMSTARFSVERKEFNI

Þróunar- og samstarfsverkefni eru mikilvægur þáttur í starfsemi Mímis. Unnið var að átta slíkum verkefnum með fyrirtækjum og stofnunum sem styrkt eru af opinberum aðilum, aðilum vinnumarkaðarins, Erasmus+, sem og Nordplus. Áhersla var lögð á verkefni sem miða að því að efla þekkingu og færni á ýmiss konar tækni sem snertir nám og kennslu.

Í kjölfar Covid-19 var nokkrum erlendum samstarfsverkefnum frestað en flest héldu áfram samkvæmt áætlun en þó með breyttu formi funda sem urðu raf-rænir.

FRÆÐSLUSJÓÐUR OG ÞRÓUNARSJÓÐUR

Þróun stafrænnar handbókar með myndefni í náms- og starfsráðgjöf *júní 2019 til júní 2021*.

Verkefnið snýr að því að hanna stafræna handbók í náms- og starfsráðgjöf með myndefni sem nýtist fræðsluaðilum og einstaklingum í atvinnulífinu sem og þeim sem eru án atvinnu. Í handbókinni verður meðal annars myndefni um gerð ferilskrár og kynningarbréfs. Um það hvernig á að bera sig að í atvinnuviðtali, að hefja nám, fyrstu skrefin í námi sem og um tæknistudda námstækni. Verkefnið er styrkt af Þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar.

Að lesa stærðfræði

sjálfstyrking fyrir nemendur ágúst 2019 til maí 2021

Verkefnið Að lesa og skrifa stærðfræði – sjálfstyrking fyrir nemendur í stærðfræði hefur fyrst og fremst það markmið að greiða veg nemenda í framhaldsfræðslunni gagnvart stærðfræði og veita þeim sjálfstraust til að takast á við helstu hindranir á námsferlinum. Unnið er að því að þróa og skrá nýja kennsluáðferð í stærðfræði sem gengur út á það að nálgast stærðfræðina heildrænt þar sem byggt er á lestrarhæfni og lesskilning nemenda. Aðferðarfræðin takmarkast við viðfangsefni stærðfræðinnar sem kennd eru á unglingastigi í grunnskóla og á fyrstu tveimur árum framhaldsskóla. Helstu hugtök og viðfangsefni stærðfræðinnar eru útskýrð í rafrænu fræðsluhefti með öðrum hætti en þeim sem flestir nemendur hafa kynnst á skólagöngu sinni. Verkefnið er styrkt af Þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar.

Að lesa stærðfræði

námskeið fyrir kennara janúar 2021 til janúar 2022

Markmið verkefnisins er að útbúa og framkvæma námskeið fyrir stærðfræðikennara í framhaldsfræðslu til að innleiða kennsluáðferðina Að lesa stærðfræði fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar og koma þannig leiðbeinendum af stað við að nota hana. Byggt er á þró-

unarverkefni sem Mímir hlaut styrk fyrir á síðasta ári. Þróunarverkefnið hefur vakið athygli bæði á Íslandi og Norðurlöndunum í gegnum NVL (Nordisk Netværk for Voksnes Læring). Þá hefur kennsluaðferðin gefið góða raun og árangur meðal markhóps framhaldsfræðslu-laga. Kennsluaðferðin snýr að sjálfstyrkingu nemenda gagnvart stærðfræði með aðferðarfræði sem Hannes Hilmarsson, kennari hjá Mími í Menntastoðum, hefur þróað og notað um langt skeið. Aðferðarfræðin gengur út á það að nálgast stærðfræðina heildrænt þar sem byggt er á lestrarhæfni og lesskilningi nemenda. Aðferðarfræðin takmarkast við viðfangsefni stærðfræðinnar sem kennd eru á unglingastigi í grunnskóla og á fyrstu tveimur árum framhaldsskóla. Helstu hugtök og viðfangsefni stærðfræðinnar eru útskýrð með öðrum hætti en þeim sem flestir nemendur hafa kynnst á skólagöngu sinni. Áherslan er á að útskýra þá þætti stærðfræðinnar sem flestir nemendur eiga erfitt með, með lestur og lesskilning að leiðarljósi þannig að nemendur öðlist sjálfstraust til að takast á við stærðfræðina. Verkefnið er styrkt af Þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar.

Rafrænt íslenskumat fyrir atvinnulífið

október 2019 til júní 2021

Verkefnið snýr að því að hanna rafrænt íslenskumat fyrir atvinnulífið sem nýtist fræðsluáðilum, vinnustöðum og Vinnumálastofnun. Markhópurinn er starfsfólk og þjónustubegar af erlendum uppruna. Afurð verkefnisins verður íslenskumat sem gert er ráð fyrir að muni auka gagnsæi og gæði við mat á kunnáttu í íslensku. Verkefnið er útbúið með tilliti til þess að það muni nýtast fræðsluáðilum við hönnun á markvissum námskeiðum í íslensku. Þá muni það einnig nýtast fyrirtækjum og stofnunum sem hafa starfsmenn af erlendum uppruna ásamt starfsmönnum sjálfum. Verkefnið er styrkt af Þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar.

Raunfærnimat í verslun og þjónustu

haust 2019 til vor 2020

Raunfærnimatið er bæði í verklegum hluta starfa í verslun og þjónustu ásamt því að vera raunfærnimat á móti bóklegum greinum brautar sem telur 90 einingar. Vinnustaðahlutinn, 30 einingar, fer fram á vinnustað. Bóklegi hlutinn, 60 einingar, fer fram í

Verslunarskóla Íslands. Samstarfsaðilar í verkefninu eru: VR, Verslunarskóli Íslands, Lyfja, Samkaup og Húsasmiðjan.

ERASMUS+

Interacte

október 2019 til september 2022

Markmið verkefnisins er að efla tæknivitund kennara, verkefnastjóra og náms- og starfsráðgjafa á sviði full-orðinsfræðslu með það að markmiði að verða góður og gagnvirkur notandi tækni í námi. Sex stofnanir frá Evrópu taka þátt í verkefninu; Ísland, Ítalía, Króatía, Þýskaland, Litháen og Spánn. Alls eru það 79 manns sem taka þátt í verkefninu frá stofnunum. Verkefnið er styrkt af Erasmus+.

Telma

október 2019 til mars 2021

Markmið með verkefninu er að þróa sérstaka fagkunnáttu innan Mímis og styrkja stjórnendur og annað starfsfólk og bæta þannig skilvirkni í menntun í samræmi við stefnu Mímis. Sex starfsmenn Mímis fá tækifæri til að kynna aðferðum og tækjum sem eru notuð í kennslu erlendis. Hluti námskeiðsins er undirbúningur þátttakenda á netinu undir leiðsögn leiðbeinenda sem hafa það verkefni að stjórna undirbúningi. Verkefnið er styrkt af Erasmus+.

NORDPLUS

Be Digital

Social Media Skills for 50+ júlí 2019 til júní 2021

Verkefnið snýr að því að styrkja stöðu starfsfólks, 50 ára og eldri, á vinnumarkaði með tillit til stafrænnar hæfni en um er að ræða samstarfsverkefni fjögurra landa: Íslands, Noregs, Lettlands og Litháen. Unnið er að því að hanna námskeið fyrir hópinn sem vinnustaðir geta boðið starfsfólki sínu að sækja, sem og stéttarfélag sínum félagsmönnum en markmiðið er að auka færni í notkun samfélagsmiðla að starfslokum og áfram. Verkefnið er styrkt af Nordplus, Menntaáætlun norrænu ráðherranefndarinnar.

I would highly recommend this school to anybody who is interested in learning Icelandic.



GÆÐAMÁL

Frá upphafi hefur mikil áhersla verið lögð á gæði í öllu starfi Mímis og var árið 2020 þar engin undantekning. Fyrirtækið hefur hlotið vottun á fræðslustarfseminni og einnig formlega viðurkenningu á að starfsemin standist evrópskar kröfur um gæði fræðslustarfs, raunfærnimats og náms- og starfsráðgjafar, EQM+ (European Quality Mark). Á árinu var gerð áætlun um

innra mat sem framkvæmt var í desember og fóru umbætur fram í lok árs. Gæðateymi vann áfram að útgáfu nýrra gæðaskjala og endurnýjun annarra. Að öðru leyti var vinna við gæðamál hliðstæð árinu á undan. Líkt og undanfarin ár hlaut Mímir viðurkenningar sem Framúrskarandi fyrirtæki hjá Creditinfo og Fyrirmyndarfyrirtæki hjá Viðskiptablaðinu og Keldunni.



KYNNINGAR- OG MARKAÐSMÁL

Gerðir voru kynningarbæklingar bæði um nám og raunfærnimat sem flestir voru á rafrænu formi. Þjónusta við viðskiptavinum var þróuð enn frekar í gegnum vef og áfram var notast við samfélagsmiðla; Facebook, Instagram, Youtube og Google til að kynna starfsemi Mímis. Þá voru námsbrautir kynntar í útvarpi í samstarfi við K100, RÚV og Sýn.

Birtar voru auglýsingar og greinar í fréttablaðum

Efningar stéttarfélags. Þá voru birtar auglýsingar á strætóskýlum til að kynna íslenskunámskeið. Mímir var í samstarfi við Birtingahús um birtingu auglýsinga. Þá tók Mímir þátt í þeim viðburðum sem þóttu henta til að nálgast markhóp sinn hverju sinni. Aðgengi á vef Mímis var bætt, meðal annars með því að setja upp netspjall þar sem hægt er að ná beinu sambandi við verkefnafulltrúa, fá upplýsingar um þjónustu eða bóka tíma í ráðgjöf.



Frábær kennari og hefur sjaldan liðið vel í skóla vegna lesblindu og allskonar skammstafana sem ég er með en þessi kennari lét mér líða vel allan tímann.



Námskeiðið var mjög
ítarlegt, faglegt og gefandi.
Bestu þakkir fyrir mig.



ALMENNUR REKSTUR


Mímir-símenntun ehf. skilaði rekstrarafgangi upp á rúmar fjórar milljónir króna árið 2020 sem er óveruleg hækkun frá árinu áður.

Rekstrartekjur voru 440,1 milljónir á móti 436,2 milljónum árið 2019. Tekjur af námskeiðahaldi drógust saman um 4,5% á milli ára. Framlag til námskeiðahalds hjá Mími gegnum Fræðslusjóð dróst enn og aftur saman á milli ára sem stendur í beinu sambandi við að fjárframlög stjórnvalda til framhaldsfræðslunnar minnka ár frá ári. Árið 2019 kenndi Mímir 7.138 klukkustundir á grundvelli samnings við Fræðslusjóð um námsbrautir en 6.695 klukkustundir árið 2020 eða 443 klukkustundum minna. Það er 6,2% samdráttur á milli ára. Þetta jafngildir andvirði heils Menntastöðahóps (440 klst.) Tekjur af öðrum verkefnum hækkuðu á móti áður nefndum samdrætti samtals um 20% á milli ára.

Rekstur Mímis er áskorun ár frá ári þar sem fyrirsjáanleika í fjárveitingum hins opinbera til starfseminnar skortir. Enginn árangur hefur náðst af ákalli aðila framhaldsfræðslunnar eftir auknum fyrirsjáanleika. Gott dæmi um það er svokallað viðbótarframlag sem ákvarðað er með Fjárlögum hvers árs og ætlað er mennta- og menningarmálaráðherra að úthluta. Það barst símenntunarmiðstöðvunum þann 10. desember eða þegar rekstrarárinu var nánast lokið.

Félagið Mímir er rekið til almannaheilla og er afgangur frá rekstri notaður til að efla mennta- og fræðslumál fullorðins fólks á íslenskum vinnumarkaði. Lögð er áhersla á að skila lítilsháttar afgangi frá rekstri hvert ár því mikilvægt er að geta mætt mögum árum sem virðast koma með reglulegu millibili. Eigið fé Mímis er nú 50,5 milljónir, þar af er hlutfé 16 milljónir.

Hlutfallsleg skipting rekstrartekna árið 2020





Mér finnst Mímir æðislegur
skóli og allir sem vinna þar
eru æðislegir líka.





MÍMIR
Vertu meira!

Höfðabakki 9 • 110 Reykjavík • s: 580 1800 • mimir.is